

**Nd.**

### **410. Breytingartillögur**

við frv. til laga um lax- og silungsveiði.

Flutningsm.: Jónas Þorbergsson.

Við 34. gr.

Aftan við kemur ný grein, sem verður 35. gr., svo hljóðandi:

1. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, veitt undanþágu frá ákvæðum 3. málsg. 28. gr. og 2. málsg. 30. gr., þar sem staðhættir myndu að öðrum kosti rýra stórlega eða jafnvel svipta jarðareiganda aðstöðu til veiðinnar.

2. Nú rýrnar við framkvæmd þessara laga laxveiði, sem hefir annaðtveggja verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því, sem öðlast gildi árið 1932, eða ráðið að einhverju leyti ákvörðun fasteignaverðs í því mati, sbr. og 13. grein, og skulu þá fyrir missi slíkra laxveiðinytja koma fullar bætur.

3. Um bætur þessar fer á sama hátt og fyrir er mælt í 73. gr. um bætur fyrir missi selveiðinytja.

4. Nú þykir sýnt, að aukast taki lax- og göngusilungsveiði þeirra jarða, er bætur hljóta samkv. 3. málsg., og fer þá um endurmat og afnám bótanna eftir því, sem fyrir er mælt í 3. málsg. 73. gr.

(Greinatalan breytist samkv. þessu).